Umsækjandi: Linda Björnsdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Réttmætisathugun á MINI geðgreiningarviðtalinu og PHQ-sjálfmatskvarðanum.
Ábyrgðarmaður: Jón Friðrik Sigurðsson, forstöðusálfræðingur.
Umsækjandi: Baldur Heiðar Sigurðsson, nemi.

Rannsókn á sambærileika MRI, DSA og DUPLEX við greiningu á þregslum í carotis æðum.
Ábyrgðarmaður: Elin Hanna Laxdal, sérfræðingur.
Umsækjendur: Helgi Sigurðsson, yfirlæknir, Karl Logason, sérfræðingur, Guðmundur Danielsson, sérfræðingur. Jón Guðmundsson, yfirlæknir, Kristbjörn Reynisson, sérfræðingur, Halla Halldórsdóttir, sérfræðingur, Hildur Einarsdóttir, sérfræðingur, Kolbrún Benedíktsdóttir, sérfræðingur.

Faraldsfræðileg rannsókn á áhættuþáttum kransæðasjúkdóma og efnaskiptavillu hjá geðklofasjúklingum sem eru í eftirfylgd við legu- og göngudeild geðsviðs LSH að Kleppi.
Ábyrgðarmaður: Halldór Kolbeinsson, yfirlæknir.
Umsækjendur: Ólafur Sveinsson, deildarlæknir, Kristófer Þorleifsson, aðstoðanyfirlæknir, Nanna Briem, sérfræðingur, Lára Björgvinsdóttir, sérfræðingur, Rafn Benedíksson, sérfræðingur.

Árangur níu vikna hugrænnar atferlismeðferðar við lágu sjálfsmati.
Ábyrgðarmaður: Jón Friðrik Sigurðsson, forstöðusálfræðingur.
Umsækjendur: Gunnar Örn Ingólfsson, sálfræðinemi, Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur, Margrét A. Hauksdóttir, sálfræðingur, Jakob Smári, prófessor.

Ávinningur af líkamsrækt/þjálfun fyrir einstaklinga sem hlotið hafa mænuskaða og bundnir eru hjólastól.
Ábyrgðarmaður: Þórdís Ágústa Ingólfssdóttir, sviðstjóri hjúkrunar.
Umsækjendur: Vigdís Svava Gísladóttir, nemi, Herdís Þórisdóttir, sjúkráþjálfari, Erlingur Jóhannsson, prófessor.

Gildi EFST – rannsókn (Einfótonusneiðmyndatöku, eða Single Photon Emission Tomography, SPECT) við staðsetningu á ofvirkum kalkkirtilsvef (parathyreoidea adenoma/hyperplasia).
Ábyrgðarmaður: Þorvaldur Jónsson, sérfræðingur.
Umsækjendur: Berglind Harðardóttir, geislafræðinemi, Eysteinn Pétursson, yfireðlisfræðingur.

Horfur og meðferð sjúklinga með bráða kransæðastíflu 2006.
Ábyrgðarmaður: Karl Andersen, hjartalæknir.
Umsækjendur: Sigurpáll Scheving, hjartalæknir, Jón Magnús Kristjánsson, læknir í sérnámi.

Árangur aneurysma aðgerða á Íslandi á tímabilinu 1995-2004.
Ábyrgðarmaður: Aron Björnsson, sérfræðingur.
Umsækjandi: Arnar Þórisson, læknanemi.

Greining á aðstæðum fjölskyldna sem koma á bráðamöttöku barna- og unglingsgeðdeilda Landspítala – háskólasjúkrahúss (BUGL).
Ábyrgðarmaður: Lilja Björk Þorsteinsdóttir, félagsráðgjafi.
Umsækjendur: Hrefna Ólafsdóttir, yfirfélagsráðgjafi, Sigrún Þórarinsdóttir, nemi.

Parfarir aðstandenda sem fylgja bráðveikum/slösudum ástvini á bráðamöttöku.
Ábyrgðarmaður: Herdís Sveinsdóttir, prófessor.
Umsækjandi: Guðrún Björg Erlingsdóttir, hjúkrunarfræðingur og meistaranemi.

Tengsl sálfélagslegra breyta, langtíma blóðsykursgildis og meðferðarhaldni hjá fólki á aldrinum 20 – 30 ára með sykursýki af tegund 1.
Ábyrgðarmaður: Eiríkur Örn Arnarson, forstöðusálfræðingur.
Umsækjendur: Jakob Smári, prófessor, Arna Guðmundsdóttir, sérfræðingur, Steinunn Arnardóttir, læknir, Fjóra Katrín Steinsdóttir, nemi í sálfræði, Hildur Halldórsdóttir, nemi í sálfræði.

Árangur af endurlífnum utan spítala á höfuðborgarsvæðinu á árunum 2004 - 2006.
Ábyrgðarmaður: Gísli E. Haraldsson, deildarlæknir.
Umsækjendur: Brynjólfur Mogensen, Felix Valsson, læknir, Jón Baldursson, læknir
Gagnsemi klukkuprófa í greiningu heilabilunar.
Ábyrgðarmaður: María K. Jónsdóttir, sálfræðingur.
Umsækjendur: Helgi Þór Sigurðsson nemi í sálfræði, Jakob Smári, prófessor.

Söfnun og vinnsla á stofnfrumum ætluðum til stuðnings eftir háskammtalyfjameðferð sjúklinga með eitlkrabbamein og mergfrumæxli.
Ábyrgðarmaður: Þorbjörn Jónsson, læknir.
Umsækjendur: Steinunn J. Matthíasdóttir, lífeindafræðingur, Sveinn Guðmundsson, yfirlæknir, Ólafur E. Sigurjónsson, líffræðingur, Leifur Þorsteinsson, líffræðingur.

Könnun á gagnsemi reglulegs mænuskaðaefirlits á LSH fyrir mænuskaðaða einstaklinga á Íslandi.
Ábyrgðarmaður: Sigrún Garðarsdóttir, yfiríðjuþjálfari.
Umsækjendur: Sigrún Knútsdóttir, yfirsjúkráþjálfari, Marta Kjartansdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Áhrif meðferðar með líftækniylfinu Remicade á brjóstkassapangetu sjúklinga með hryggigt.
Ábyrgðarmaður: Björn Guðbjörnsson, sérfræðingur.
Umsækjendur: María Ragnarsdóttir, sjúkráþjálfari og doktorsnemi, Árne Jón Geirsson, sérfræðingur.

Næmi 2diffusion weighted segulómunar á breytingum í lífur samanborið við eldri aðferðir.
Ábyrgðarmaður: Pétur Hannesson, yfirlæknir.
Umsækjendur: Bjarki Ivarsson, læknanemi, Hildur Einarsdóttir, sérfræðingur, Ásbjörn Jónsson, sviðsstjóri.

Assessment of scapular kinesis in patients with whiplash associated disorder and idiopathic neck pain.
Ábyrgðarmaður: Halldór Jónsson jr., prófessor.
Umsækjandi: Harpa Helgadóttir, PT, MHS, doktorsnemi.

Er endurhæfing geðfataðra inn á stofnunum að skila árangri?
Ábyrgðarmaður: Sveinbjörg Júlía Svavarsdóttir, forstöðufélagsráðgjafi.
Umsækjendur: Björg Karlsdóttir, yfirfélagsráðgjafi, Steinunn Þóris Svavarsdóttir, félagsráðgjafi.

Rannsókn á högum og þörfum fólks með alvarlega langvinna geðsjúkdóma. Spurningakönnun.
Ábyrgðarmaður: Páll Biering, dósent.
Umsækjandi: Margrét Eiríksdóttir, geðhjúkrunarfræðingur og meistaranemi.

Orsakir og afleiðingar bylta hjá sjúklingum samkvæmt atvikaskráningu á Landspítala – háskólasjúkrahúsi (LSH) árin 2001-2006.
Ábyrgðarmaður: Eygló Ingadóttir, hjúkrunarfræðingur, verkefnastjóri.
Umsækjendur: Rannveig Jónasdóttir, hjúkrunarfræðingur,

Hlíf Guðmundsdóttir, verkefnastjóri, Helga Hansdóttir, sérfræðingur.

Notkun fræðsluefnis á veraldarvefnum: Samband milli lífsgæða og heilsuefingar fjölskyldna barna og unglinga með krabbamein.
Ábyrgðarmaður: Eygló Ingadóttir, hjúkrunarfræðingur, verkefnastjóri.
Umsækjendur: Anna Ólafía Sigurðardóttir, hjúkrunarfræðingur, Erla Kolbrún Svavarsdóttir, prófessor, Sigrún Þóroddsdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Tiðni sýkinga á ganglim eftir bláæðatöku við opnar hjartaaðgerðir.
Ábyrgðarmaður: Ásta Steinunn Thoroddsen, dósent HÍ.
Umsækjendur: Tómas Guðbjartsson, læknir, Helga Guðrún Hallgrímsdóttir, hjúkrunarfræðingur og meistaranemi.

Áhrif innöndunarþjálfunar á öndunarhreyfingum og lungnarúmmáli eftir hjartaskurðaðgerð.
Ábyrgðarmaður: María Ragnarsdóttir, rannsóknarsjúkráþjálfari.
Umsækjendur: Bjarni Torfason, yfirlæknir, Ása Dagný Gunnarsdóttir, sjúkráþjálfari, Sveinn Hilmarsson, sjúkráþjálfari.

Fear of childbirth in primiparous women in Iceland.
Ábyrgðarmaður: Helga Gottfreðsdóttir, lektor.
Umsækjendur: Birgitta Nielsdóttir, ljósmóðurnemi, Elizabeth Crang Svalenius dr. med. vet.

Rannsókn á sterameðferð við MS sjúkdómi á dagdeild taugalækningadeilda LSH.
Ábyrgðarmaður: Finnboji Jakobsson, læknir
Umsækjendur: Sigríður Karlsdóttir, læknanemi, Haukur Hjaltason, læknir, Jónína Hallsdóttir, hjúkrunarfræðingur.

Stöðlun á greiningarprófi til mælingar á virkni styttri ferils komplementkerfisins.
Ábyrgðarmaður: Þóra Víkingsdóttir, verkefnastjóri.
Umsækjendur: Björn Rúnar Lúðvíksson, yfirlæknir, Herdís Eiríksdóttir, lífeindafræðinemi, Magnús Gottfredsson, yfirlæknir.

Rannsókn á sérstöku formi bráðrar nýrnabilunar.
Ábyrgðarmaður: Margrét Árnadóttir, læknir.
Umsækjendur: Margrét Birna Andrésdóttir, læknir, Helga Margrét Skúladóttir, deildarlæknir.

Súrefnisflutningur til fósturs í eðlilegri fæðingu og við valkeisaraskurð.
Ábyrgðarmaður: Þórður Þórkelsson, læknir.
Umsækjendur: Atli Dagbjartsson, yfirlæknir, Ásgeir Haraldsson, læknir/prófessor, Hildur Harðardóttir yfirlæknir/sviðsstjóri.

Bráð nýrnabilun í kjölfar natrium fosfat úthreinsunar – lýsing á tilfellum.
Ábyrgðarmaður: Margrét B. Andrésdóttir, læknir.
Umsækjendur: Hjalti Guðmundsson, læknir í framhaldsnámi, Sverrir Harðarson.

Faraldsfræði krabbameina hjá börnum á Íslandi 1981-2006.
Ábyrgðarmaður: Trausti Óskarsson, deildarlæknir.
Umsækjendur: Guðmundur K. Jónmundsson, læknir, Jón R. Kristinnsson, læknir, Ólafur Gísli Jónsson, læknir, Ásgeir Haraldsson, læknir og prófessor.

Vísindasiðanefnd

veitti eftirfarandi leyfi til vísindarannsókna sem tengjast Landspítala á árinu 2007

12 reynsluspor sem viðbótarmeðferð við þunglyndi. Andrés Magnússon.

Alvarleg sýklasótt á íslenskum gjörgæsludeildum. Tíðni og meðferðarárangur. Gísli Heimir Sigurðsson.

Áfallastreita og áhrif persónuleika í tengslum við sorgarviðbrögð aldraðra. Berglind Magnúsdóttir.

Áhættuþættir, meðferðarárangur, fylgikvillar og horfur sjúklinga með hjarta- og æðasjúkdóma sem gangast undir hjartaþræðingu eða kransæðavikkun á LSH. Þórarinn Guðnason.

Árangur meðferðar bráða eitilfrumuhvítblæðis hjá fullorðnum á Íslandi 1987-2007. Sigrún Reykdal.

Birth Characteristics and Risk of Solid Tumours in Children. Halldóra Kristín Þórarinsdóttir.

Blóðflæðismæling í legslagæð á meðgöngu auk mælinga á glútatíoni í blóði. Tengsl þessara þátta við meðgöngueitrun síðar á meðgöngu. Gunnar S. Ármannsson.

Breytingar í fjölda erfðaeftnisraða í erfðamengi mannsins greindar með örsýnaraðsöfnum. Jón Jóhannes Jónsson.

Byrjunareinkenni Multiple Sclerosis, þýðisrannsókn á Íslandi. Elías Ólafsson.

Eftirfylgni kvenna sem fengið hafa geislameðferð við brjóstakrabbameini. Ásgerður Sverrisdóttir.

Eitlastækkanir á Íslandi. Bjarni A. Agnarsson.

Endurhitun og viðhald líkamshita eftir hjartaáðgerðir með hjálparvarmaskipta. Felix Valsson.

Faraldsfræði og greining baktería, ónæmisfruma og mótefna í miðeyrum barna sem fá rör. Hannes Petersen.

Fæðuofnæmi hjá börnum á Íslandi verkþáttur 1.2.2. Michael Clausen.

Geislagerlabólga á Íslandi 1980-2006. Magnús Gottfredsson.

Gerð þekjuvefsfrumulína og frumuræktunarlíkana til rannsókna á lungnasjúkdómum. Þórarinn Guðjónsson.

Hemólýtiskir streptókokkar af flokki GBS: Sjúkdómssmynd í börnum, meinvirkni og faraldsfræði. Ásgeir Haraldsson.

Klínísk og sameindafræðileg faraldsfræði methicillin ónæmra Staphylococcus aureus (MÓSA) á Íslandi árin 2000-2010. Ólafur Guðlaugsson.

Langvinnur nýrnasjúkdómur í íslenskum börnum. Viðar Örn Eðvarðsson.

Lyfjarannsóknin: A Pan-European, open label, randomised study comparing the efficacy and cost-effectiveness of Symbicort. Magni Jónsson.

Magn og virkni próteina í lektínferli komplementkerfisins hjá sjúklingum með Henoch-Scönlein purfura og IgA nyrnamein. Samanburður á íslenskum og finnskum sjúklingum. Þorbjörn Jónsson.

NordiNet International Outcome Study. Ragnar Bjarnason.

Opin rannsókn á bevacizumab (AVASTIN) ásamt lyfjameðferð sem inniheldur platínúm lyf sem fyrsta meðferð hjá sjúklingum með langt gengið eða endurtekið lungnakrabbamein sem er hvorki af smáfrumu- né flöguþekjugerð. Sigurður Böðvarsson.

Osteomyelitis og osteoarthritis hjá börnum á árunum 1995-2005. Ásgeir Haraldsson.

Rannsókn til að meta lyfjahvörf og lyfhrif rannsóknarlyfsins DG-041 á storknunarferli í heilbrigðum einstaklingum með því að mæla pVASO. Hrefna Guðmundsdóttir.

Rannsókn á dystoniusjúkdómum á Íslandi. Faraldsfræðileg rannsókn og rannsókn á erfðamörkum dystoniu hérlandis. Framhalds umsókn. Sigurlaug Sveinbjörnsdóttir.

Rannsókn á faraldsfræði og kortlagningu áhættugena kransæðasjúkdóms og bráðakransæðaheilkennis (e. Acute coronary syndrome). Kári Stefánsson.

Samanburðarrannsókn á LTB blóðgildum hjá einstaklingum sem fengið hafa hjartaáfall og þeirra sem ekki hafa fengið hjartaáfall. Guðmundur Þorgeirsson.

Samanburðarrannsókn við lyfleysu til að meta lyfjahvörf rannsóknarlyfsins DG-041 og áhrif á storknunarferli (með mælingu pVASP þegar DG-041 er gefið eitt og sér, samhliða klópidógrel eða samhliða klópidógrel og asetýlsalísýlsýru. Hrefna Guðmundsdóttir.

Sýklalyfjameðferð við bráðri sarpabólgu: framsýn slembirannsókn. Tryggvi Stefánsson.

Tengsl andfélagslegrar hegðunar við einkenni geðraskanna hjá framhaldsskólanemum. Jón Friðrik Sigurðsson.

Tengsl skammbylgja og atferlis í fyrirburum. Karl Ægir Karlsson.

The PAM study. Björn Guðbjörnsson.

The safe translation of research into clinical practice (Safe-Trips study). Sigurbergur Kárason.

Þátttaka tveggja íslenskra sjúklinga í rannsókninni "Electrical Activation of the Diaphragm Muscle for Ventilatory Assist". Páll E. Ingvarsson.

Æxli í heiladingli á Íslandi; Faraldsfræði í 50 ár. Rafn Benediktsson.

Öndunarvélar meðferð á íslenskum gjörgæsludeildum. Sigurbergur Kárason.

Vísindi á vordögum voru að þessu sinni haldin 27. apríl 2007 í Hringsal




Aðalfyrirlesari var dr. John Michael Gaziano prófessor frá Harvard. Dr. Gaziano er bandarískur sérfræðingur í hjarta og æðasjúkdómum. Fyrirlestur hans nefndist "The Changing Global Burden of Cardiovascular Disease".

Heiðursvísindamaður ársins var valinn Guðmundur Þorgeirsson sviðsstjóri lækninga og prófessor. Guðmundur á að baki glæsilegan vísindaferil. Hann hefur birt um hundrað greinar í ritrýndum vísindatímaritum, þar af 29 á sl. 5 árum. Tilvitnanir í vísindaverk hans skipta þúsundum. Hann hefur auk þess ritað umtalsverðan fjölda yfirlits- og ritstjórnargreina og bókakafla


í gegnum tíðina og verið leiðbeinandi fjölmargra ungra og upprennandi vísindamanna.

Ungur vísindamaður ársins var Sveinn Hákon Harðarson, doktorsnemi við Háskóla Íslands og augndeild LSH. Sveinn Hákon stundar doktorsnám við skólann sem byggist á rannsóknum á súrefnismettun í augnbotnum.

Veggspjaldasýning var haldin í K-byggingu. Hún var opnuð 27. apríl og stóð í eina viku. Þar kynntu vísindamenn á LSH verkefni sín og alls voru sýnd 109 veggspjöld.



Gunnar Sigurðsson, prófessor og yfirlæknir



Rannsóknir okkar á kalk- og beinabúskap hafa meðal annars undirstrikað mikilvægi D-vítamíns til að viðhalda eðlilegum kalkbúskap og sýnt fram á að sé D-vítamín nægilegt minnki það kalkþörfina í fæðunni verulega. Rannsóknirnar hafa einnig sýnt að D-vítamínskortur er algengur hér yfir háveturinn. Einnig höfum við sýnt fram á að eftir sjötugt virðist þyngdartap vera einn sterkasti þátturinn í sambandi við beintap aldraðra.

Rannsóknasvið mín hafa aðallega tengst blóðfiturannsóknum og faraldsfræði kransæðasjúkdóma og áhættuþáttum þeirra á Íslandi annars vegar og hins vegar á síðari árum meira snúist að rannsóknum á beinþynningu og kalkbúskap. Þessi áhugasvið mín ná alveg aftur til framhaldsnáms míns í efnaskiptasjúkdómum í London og San Francisco. Doktorsverkefni mitt fjallaði um geislamerkingu á lipópróteinum og niðurbroti þeirra í líkamanum í árdaga slíkra rannsókna. Fyrsti pappír minn í London fjallaði hins vegar um meðferð með calcitonin á sjúklingi með juvenile Paget's sjúkdóm, þá aðstoðarlæknir á Metabolic Unit á Hammersmith Hospital en á sama spítala vann einmitt Þorvaldur Veigar Guðmundsson læknir að einangrun þessa nýfundna hormóns, calcitonin.

Samstarfsaðilar mínir í gegnum tíðina hafa verið á ýmsum deildum Borgarspítalans og Landspítala, í Hjartavernd og Íslenskri erfðagreiningu. Á sínum tíma sendi ég Vilmund Guðnason, sem þá var ungur og áhugasamur aðstoðarlæknir á Borgarspítala, til virtrar stofnunar í London til að greina undirliggjandi erfðagalla í íslenskum fjölskyldum með Familial hypercholesterolemíu sem ég hafði safnað saman á göngudeild blóðfitu og háþrýstings á LSH. Vilmundur kom reyndar ekki til baka fyrr en meira en 10 árum síðar enda málið flóknara en við héldum og gaf okkur ástæðu til áframhaldandi rannsókna á því sviði. Með Vilmundi og Nikulási Sigfússyni og fleiri læknum í Hjartavernd ásamt tölfraeðingunum Helga Sigvaldasyni og síðar Thor Aspelund hef ég haft tækifæri til þess að vinna úr gögnum fyrir Hjartavernd. Í hinni viðamiklu Öldrunarrannsókn Hjartaverndar sem nú er í gangi eru einnig ýmsir góðir samstarfslæknar frá Landspítala og samstarfsaðilar frá National Institute on Aging í Bethesda og víðar.

Ég hóf rannsóknir á beinþynningu á Íslandi fyrir um það bil 15 árum þegar mér tókst með styrk frá Rannís og íslenskum kvenfélögum að kaupa fyrsta beinþéttimælitækið til landsins. Síðan hef ég rekið beinþéttimælistofu á Landspítala með Díönu Óskarsdóttur geislafræðingi og fleirum. Við höfum framkvæmt ýmsar stórar hóprannsóknir til að kanna hvaða þættir skipta máli í sambandi við kalk- og D-vítamínubúskap og þar hef ég notið samstarfs við Ólaf Skúla Indriðason nýrnalækni, Leif Franzson lyfjafræðing, dr. Laufeyju Steingrimsdóttur hjá Manneldisráði, Sigríði Láru Guðmundsdóttur íþróttufræðing og ýmsa læknanema og aðstoðarlækna á LSH. Ekki má gleyma mikilvægri aðstoð góðra ritara, Maríu Henley og Guðrúnar Kristinsdóttur, og bókasafnsþjónustu LSH sem hefur verið frábær. Styrktarsjóður St. Jósefsspítala á Landakoti veitti okkur góðan styrk til þessara rannsókna ásamt Vísindasjóði LSH.

Einnig hef ég verið í nær áratug í samvinnurannsóknum með Unni Styrkársdóttur erfðafræðingi og samstarfsaðilum hennar hjá Íslenskri erfðagreiningu í leit að erfðaþáttum beinþynningar í kjölfar fjölskyldurannsóknar sem læknanemi framkvæmdi með mér. Jafnframt hef ég með samstarfsfólki mínu á innkirtla- og efnaskiptasjúkdómadeild LSH tekið þátt í ýmsum faraldsfræðilegum rannsóknum á innkirtlasjúkdómum á Íslandi o.fl.

Þær rannsóknir Hjartaverndar sem ég hef komið að hafa meðal annars sýnt fram á mikilvægi ýmissa áhættuþátta

kransæðasjúkdóma á Íslandi og það hvernig breytingar á þessum þáttum hafa verið undanfari breytinga á kransæðasjúkdómnum sjálfum á Íslandi.

Rannsóknir okkar á kalk- og beinabúskap hafa meðal annars undirstrikað mikilvægi D-vítamíns til að viðhalda eðlilegum kalkbúskap og sýnt fram á að sé D-vítamín nægilegt minnki það kalkþörfina í fæðunni verulega. Rannsóknirnar hafa einnig sýnt að D-vítamínskortur er algengur hér yfir háveturinn. Einnig höfum við sýnt fram á að eftir sjötugt virðist þyngdartap vera einn sterkasti þátturinn í sambandi við beintap aldraðra.

Þessa dagana erum við að ganga frá 40 ára afmælishandbók Rannsóknarstöðvar Hjartaverndar með helstu niðurstöðum varðandi hjarta- og æðasjúkdóma á Íslandi og áhættuþætti þeirra. Í Öldrunarrannsókn Hjartaverndar hefur mér gefist kostur á að nýta tölvusneiðmyndataekni til mats á beintapi og meta áhættu á beinbrotum og er ég að vinna úr þeim gögnum með samstarfsfólki í Hjartavernd og í samvinnu við ráðgjafa frá National Institute on Aging. Í samvinnu við Íslenska erfðagreiningu erum við að ganga frá niðurstöðum sem benda til að þáttur erfða í beinþynningu hafi verið verulega vanmetinn af flestum og jafnframt benda niðurstöður okkar til að fáein sterk gen skipti þar verulegu máli. Úr gögnum beinþéttimælistofu LSH erum við einnig að vinna að 10 ára eftirfylgnirannsókn á sjötugum konum með tilliti til samfallsbrota í hrygg og áhættuþátta. Rannsóknir mínar á beinþynningu hafa því snúist bæði að því hvaða þættir hafa áhrif á hámarksbeinmassa og hvaða þættir skipta máli í sambandi við beintap og beinbrotaáhættu.

Framhaldsmenntun í almennum lyflækningum og skurðlækningum á LSH hefur tekið miklum stakkaskiptum á síðustu árum og þar er markið sett hátt. Hins vegar hefur ekki tekist nægilega vel að fá unglækna til áframhaldandi vísindavinnu og doktorsnáms með nokkrum undantekningum. Væntanlega stafar það að hluta af því hve sérgreinarar eru enn veikar á LSH og aðstaðan sem þær hafa til vísindarannsókna mjög takmörkuð. Ef LSH vill komast í „top 10“ á Norðurlöndum og HÍ í hópi 100 bestu háskóla í heiminum verða LSH og Háskólinn í samvinnu að setja sér framkvæmdaáætlun um það hvernig eigi að ná fram þeirri vísindastefnu sem Landspítalinn hefur sett sér. Vissulega hefur LSH verið flaggskipið innan HÍ í þessu tilliti en hér á að vera unnt að gera mun betur á alþjóðamælikvarða.

Sveinn Hákon Harðarson, doktorsnemi



Verkefnið snýst um að skoða súrefnisbúskap sjónhímnunnar. Talið er að brenglun á súrefnisbúskap sé stór þáttur í algengum og alvarlegum augnsjúkdómum. Tækni til mælinga á súrefni í sjónhímnunni manna hefur hins vegar verið af skornum skammti. Við vinnum að því að þróa slíka tækni jafnframt því að gera mælingar á heilbrigðum og sjúkum augum.

Af hverju (augn)rannsóknir?

Fyrstu rannsóknir mínar, svo ég muni, snerust um það hvort mögulegt sé að geyma hrúgu af snjóboltum inni í hjólageymslu yfir nótt. Greinin er reyndar enn óbirt. Til að gera langa sögu stutta skipti ég yfir í augnrannsóknir allnokkrum árum síðar. Þegar allt kemur til alls var það aðallega tvennt sem réð því að ég lagði fyrir mig líf- og læknavísindi. Í fyrsta lagi hugsjónin um að hjálpa sjúkum beint eða óbeint og í öðru lagi áhuginn á að kanna hið óþekkt. Væmið en satt og ég reikna með að þetta gildi um flesta, sem stunda líf- og læknavísindi. Augnrannsóknir eru góður vettvangur til að láta gott af sér leiða, mikilvægi augnanna er augljóst. Auk þess eru augun gríðarlega forvitnileg og heillandi smíð og þá ekki sist sjónhimnan í botni augans.

Súrefnisbúskapur sjónhimnu og mælingar á honum

Starfsemi sjónhimnunnar krefst mikillar orku og þar með talsverðs súrefnis en vandinn er að æðar mega ekki skyggja um of á sjónhimnuna. Það er því kannski ekki að undra að súrefnisbúskapur sjónhimnu sé viðkvæmur fyrir skakkaföllum. Talið er að brenglun á súrefnisbúskap geti komið við sögu í algengum og alvarlegum sjúkdómum eins og sjónhimnusjúkdómi í sykursýki, æðalokun í sjónhimnu og gláku.

Stór hluti af þekkingu á súrefnisbúskap sjónhimnu er fenginn úr dýratilraunum. Rannsóknarhópur okkar vinnur að því að þróa tækni til að gera súrefnismælingar á öruggan og þægilegan hátt í mönnum og byggir tækni á augnbotnamyndatöku. Við vonumst til þess að súrefnismælirinn muni nýtast bæði við grunnrannsóknir á súrefnisbúskap í heilbrigðum og sjúkum augum og við vonumst jafnframt til þess að súrefnismæling verði í framtíðinni nýtt til að hafa eftirlit með einstökum sjúklingum og til að hjálpa til við að ákvarða meðferð.

Árangurinn hingað til og næstu skref

Prófanir á súrefnismælinum hafa sýnt fram á áreiðanleika og næmni fyrir breytingum á súrefnismettun. Einnig hefur sýnt sig að í heilbrigðum sjálfbóðaliðum er súrefnismettun í æðum sjónhimnu meiri í myrkri en í ljósi og svo virðist sem súrefni sveimi (e. diffusion) að einhverju marki frá slagæðlingum til aðlægra bláæðlinga.

Mælingar á sjúklingum með bláæðalokanir í sjónhimnu hafa sýnt að í a.m.k. sumum tilfellum minnkar súrefnismettun við slíkar lokanir en eykst aftur eftir meðferð. Áhrif af glákumeðferð eru óvissari en þó eru vissar vísbendingar um bættan súrefnisbúskap. Fyrstu niðurstöður rannsókna á sykursjúkum benda til þess að í sjónhimnu þeirra sé súrefnismettun í stærri æðlingum meiri en í heilbrigðum.

Sumar af þessum niðurstöðum hafa komið okkur verulega á óvart en óvæntustu niðurstöðurnar hafa líka reynt vera þær skemmtilegustu, ef svo má að orði komast, og hafa reynt passa

vel í „púsluspilið“ þegar betur var að gáð. Um þessar mundir er unnið að frágangi og útvíkkun ofangreindra rannsókna. Tækniþróun er einnig í fullum gangi og súrefnismælir hefur verið seldur til rannsóknarhóps í Bandaríkjunum og fleiri tæki verða seld á næstunni en sprotafyrirtækið Oxymap hefur verið stofnað utan um þann rekstur.

Súrefnismælingahópurinn

Í fyrri rannsóknaverkefnum átti ég gott samstarf við starfsfólk í Læknagarði, að Keldum, í lyfjafræðideild H.Í., hjá Actavis og víðar. Nú vinn ég með breiðum og frábærum hópnum að súrefnismælingunum. Einar Stefánsson, prófessor í augnlækningum, er leiðbeinandi minn í doktorsnámi og Þór Eysteinnsson, dósent í lífeðlisfræði, leggur hópnum til sína sérfræðipækkingu á sjónhimnunni. Þessir tveir öðlingsmenn hafa verið mínir helstu lærifæður í vísindum í gegnum tíðina. Aðrir líf- eða læknisfræði menntaðir meðlimir hópsins eru Sindri Traustason, líffræðingur, María Soffía Gottfredsdóttir, augnlæknir, Samy Basit og Sandra Kunze deildarlæknar á augndeild og Aðalbjörn Þorsteinsson, svæfingalæknir. Þá hafa komið að verkefninu Þóra Elísabet Jónsdóttir, læknanemi og Gunnar Már Zoega, fyrrum deildarlæknir á augndeild og við höfum átt ánægjulegt samstarf við augnlækna og annað starfsfólk á augndeild og hjá Augnlæknum Reykjavíkur.

Eins og kom fram að ofan snýst verkefnið að stórum hluta um tækniþróun. Umsjón með þeim hluta hafa verkfræðingarnir Gísli Hreinn Halldórsson og Róbert Arnar Karlsson en þeir unnu á sínum tíma báðir MS verkefni sín á þessu sviði undir stjórn Jóns Atla Benediktssonar, prófessors. Auk þeirra þriggja, koma að verkefninu verkfræðingarnir James Beach, Karl S. Guðmundsson, doktorsneminn Giulia Troglio en fleiri verkfræðinemar hafa unnið að verkefninu um tíma, nú síðast Egill Axfjörð Friðgeirsson. Um viðskiptahlíðina sér Mahwish Nasir, viðskiptafræðingur.

Þetta stóra rannsóknaverkefni er auðvitað ekki rekið án fjármagns og við höfum verið dyggilega studd af ýmsum sjóðum og þá ekki sist Vísindasjóði LSH og vil ég nota tækifærið og þakka fyrir stuðninginn síðastliðin ár og þann heiður sem mér og öllum hópnum var sýndur með útnefningunni síðastliðið vor.

Guðmundur Þorgeirsson, prófessor og sviðsstjóri lækninga



Tengsl grunnrannsókna og klínískra læknisstarfa

Starfsferill minn hefur í aðalatriðum mótast af tveimur samtengdum leiðarstefum, tilraun til að tengja virka þátttöku í grunnrannsóknum og klínísk læknisstörf í þágu sjúklinga og hvort tveggja hefur fyrst og fremst beinst að glímu við æðasjúkdóma.

Rannsóknarsviðið - Hvers vegna varð það fyrir valinu?

Að loknu læknanámi sótti að mér mikil þörf til að komast í umhverfi virkra rannsókna án þess að ég hefði skýrar hugmyndir um við hvað ég helst vildi starfa. Snemma á kandidatsárinu komst ég yfir upplýsingar um nýstárlegt prógram í meinalíffræði eða tilraunalegri meinafræði (pathobiology, experimental pathology) við hinn gamalgróna læknskóla við Case Western Reserve University í Cleveland í Ohio. Þetta var PhD-prógram samkvæmt bandarískri forskrift, gert ráð fyrir talsverðum fjölda námskeiða auk rannsóknarþjálfunar og grunnhugsunin var að leggja traustan grunnvísindabakgrunn að vísindaframtíð sem snerist um meinafræði í breiðum skilningi, fræðina um sjúkdóma. Athyglin beindist ekki síst að frumullfræði, lífefnafræði og sameindalíffræði til að efla menn til rannsókna á meingerð og meinþróun sjúkdóma. Þegar ég las um þessar hugmyndir á rólegri kandidatsvakt haustið 1973 var ég ekki í neinum vafa um að þetta var það sem ég vildi. Það dró ekkert úr aðdráttaraflinu að hugmyndirnar sem ég las um í greinargerð nýráðins deildarforseta meinafræðideildarinnar við Case Western voru settar fram á nokkuð hástemmdan, allt að því rómantískan hátt og höfðu því mikið aðdráttarafl fyrir bjartsýnan skýjaglop eins og mig. Þórir Helgason læknir sem ég vann mikið með á kandidatsárinu ýtti samt dálítið við mér. Hann hafði reyndar mikinn grunnvísindaáhuga og kafaði djúpt í grundvallarspurningar varðandi meinþróun sykursýki. En þegar ég sagði honum frá áformun mínum sagði hann: "Það gengur ekki að þú farir alveg út úr klínikkinni". Þegar ég kom til Cleveland kynntist ég síðan læknum sem sameinuðu þetta tvennt, klínísk störf og grunnrannsóknir. Þá loks var teningunum endanlega kastað: Þetta var það sem ég vildi gera og ég samdi við konuna mína um að þrauka með mér í Bandaríkjunum a.m.k. 8 ár.

Æðapæl

Þegar kom að því að velja rannsóknarviðfang til doktorsprófs dróst athyglin að æðapælinu, þessu örþunna frumulagi sem klæðir allt æðakerfið að innan. Þótt tilvist þess hefði lengi verið þekkt voru rannsóknir á eiginleikum þess mjög takmarkaðar og lengi höfðu menn talið að svo þunnt frumulag gæti tæpast haft merkilegt hlutverk. Þegar athygli mín beindist að æðapælinu var þó löngu orðið ljóst að það hafði einstaka og mjög merkilega eiginleika, hindraði m.a. segamyndun og framleiddi fjölmörg virk lífefni. Það hafði hins vegar háð rannsóknnum á æðapælinu að ekki hafði tekist að rækta frumurnar í hreinum gróðri fyrr en kom fram undir miðjan áttunda áratuginn. Áhugi á æðapæli var því ekki mjög útbreiddur og gat með réttu kallast hálfgerð sérviska. Síðan hefur mikið vatn til sjávar runnið. Almenn er víðurkennt að æðapælið gegni lykilhlutverki í starfsemi æðakerfisins og samskiptum þess og hins streymandi blóðs og það kemur við sögu í meingerð fjölmargra sjúkdóma. Æðapælsrannsóknir eru því stundaðar um allan heim og tæpast verður á vegi manns tímarit í hjartasjúkdómafræði sem ekki flytur nýja grein, nýja rannsókn um æðapælsfræði. Doktorsritgerðin mín bar titilinn "Effects of platelets on human vascular endothelial and smooth

muscle cells in vitro". Tæpast var blekið þornað á síðustu blaðsíðunni þegar ég var mættur á vakt á lyflækningadeild háskólaspítalans í Cleveland. Þá tóku við annasöm ár klínískrar sérmenntunar í lyflækisfræði og síðan hjartasjúkdómafræði. Í þá daga giltu engar hvíldarreglur um störf unglækna og fáar stundir milli stríða til að sinna rannsóknnum. Áherslan var öll á klíniska sérmenntun og þjálfun sem var ríkuleg og gefandi. Samt náði ég að tylla niður tá á rannsóknarstofu sem fékkst við rannsóknir á prostaglandínmyndun í nýrum. Skömmu áður hafði prostasýklín verið uppgötvað, öflug framleiðsluafurð æðapæls sem hefur kröftug æðavíkkandi áhrif og hindrar klumpun blóðflagna og er þannig eitt af þeim tækjum sem æðapælið beitir til að koma í veg fyrir að blóðið kekkist í æðum okkar. Þarna fékk ég innsýn inn í heim prostaglandína, lærði m.a. að mæla prostasýklín og tók þá ákvörðun mitt í því að ég lærði að gera hjartapráeðingar að leggja út í rannsóknir á stjórnun prostasýklínframleiðslu æðapæls þegar aðstæður leyfðu.

Þegar heim kom 1982 var það enn fremur óvenjuleg og sérvískuleg ástríða að reyna að tengja í einum starfsferli klínísk störf læknis og rannsóknir í undirstöðugreinum. Samt hafði rannsóknalandslagið gerbreyst á þeim 8 árum sem við vorum í Bandaríkjunum og þar vó þyngst sú regla sem Þórður Harðarson innleiddi sem ungur yfirlæknir á Borgarspítalanum að allir deildarlæknar skyldu hafa rannsóknarverkefni. Að mínu mati færði þessi regla með sér nýtt upphaf í rannsóknnum í íslenskri læknisfræði. Hins vegar höfðu fáir fundið praktíska lausn á því viðfangsefni að rækja samtímis klínískt þjónustuhlutverk og grunnvísindavinnu. Það var samstarfið við dr. Harald Halldórsson, lífefnafræðing sem gerði mér þetta kleift. Vinnuaðstöðu og mikinn stuðning höfum við haft á Rannsóknarstofu í lyfja- og eiturefnafræði við Háskóla Íslands og þar með grundvöll til að keppa um styrki. Við höfum getað boðið ungu og efnilegu fólki sæmilega frjótt rannsóknarumhverfi, þótt það hafi verið vanbúið og á ýmsan hátt fátæklegt. Í stórum dráttum hafa viðfangsefni snúist um boðleiðir í æðapælsfrumum sem á ensku kallast "signal transduction systems". Þetta eru þau lífefnafræðilegu kerfi sem miðla boðum frá yfirborði æðapælsins inn í frumuna og kalla fram svör, t.d. framleiðslu fjölmarga efna sem síðan hafa áhrif á sléttu vöðvafrumurnar dýpra í æðaveggnum, en einnig á blóðfrumur eins og blóðflögur og bólgufrumur, og á ýmis lífefnafræðileg kerfi í blóði eins og storkukerfi og segaleysandi kerfi og er þá ekki nærri allt talið. Fyrstu árin beindist athyglin aðallega að því hvernig örvun á myndun prostasýklíns væri miðlað en síðan snerum við okkur að svipuðum spurningum um myndun kófnunarefnisoxíðs, NO, en oft er því haldið fram að það sé mikilvægast allra afurða æðapælsins. Það er æðavíkkandi efni, hemill á klumpun blóðflagna og á bólgusvar og fjölgun sléttra vöðvafrumna, andoxunarefni, hlekkur í því að hamla gegn stýrðum frumudauða æðapælsfrumnanna sjálfra. Þarf því ekki að koma á óvart að röskun á myndun NO í æðapæli er bendlað við ýmsa sjúkdóma, æðakölkun, blóðsegamyndun, háþrýsting, æðaskemmdir í sykursýki. Það er því löngu hætt að vera frumlegt að hafa áhuga á starfsemi æðapæls en jafnframt orðið auðveldara að sannfæra fólk um að slíkar þælingar skipti máli.

Faraldsfræði hjarta- og æðasjúkdóma

Faraldsfræðirannsókn Hjartaverndar hófst 1967 og hefur skilað merkur niðurstöðum og mikilvægri þekkingu á faraldsfræði hjarta- og æðasjúkdóma á Íslandi. Rannsóknin var skipulögð af miklum metnaði og mikilli framsýni af brautryðjendum Nikulási Sigfússyni, Davíð Davíðssyni, Sigurði Samúelssyni, Ólafi Ólafssyni, Ottó Björnssyni, Helga Sigvaldassyni ofl. sem hófu Hjartaverndarstarfið. Þótt ég hefði ekki fengið formlega þjálfun í faraldsfræði í mínu námi umfram það sem fæst í agaðri klínískri þjálfun þá dróst ég fljótlega inn í Hjartaverndarstarfið eftir að heim kom. Mér var að sjálfsgöðu ljóst að gagnasafn Hjartaverndar var vísindaleg gullnáma, spurningar um áhættuþætti Íslendinga kölluðu á svör og stórt úrvinnsluverkefni beið ónnið. E.t.v. kom reyndla mín af rannsóknum á frumulíffræði æðapels og glíman við grundvallarspurningar í meinþróun æðakölkunar að einhverjum notum á þessum vettvangi en fljótlega varð ég að sökkva mér djúpt í hreina faraldsfræði. Náð samstarf við Helga Sigvaldason var ómetanlegur skóli og síðan samstarf við unga kollega sem sóttu sér rannsóknarverkefni í gögn Hjartaverndar. Á þessum árum voru áhættuþættir Íslendinga gagnvart hjarta- og æðasjúkdómum fyrst skilgreindir, faraldsfræði kransæðasjúkdóms nákvæmlega kortlögð sem og fleiri hjartasjúkdóma, gáttatífs, sykursýki o.s.frv. Á alþjóða vettvangi vakti e.t.v. mesta athygli ítarleg rannsókn á verkjalausri kransæðastíflu og verkjalausri blóðþurrð. Rannsóknin í heild sinni varð síðan aðdráttarafi fyrir erlenda samstarfsaðila sem fluttu með sér fjármagn sem um munaði og gerði kleift að hleypa af stokkunum hinni umsvifamiklu samstarfsrannsókn við National Institute of Aging sem nú er í gangi.

4S rannsóknin –Scandinavian Simvastatin Survival Study

Þegar státnin komu fyrst á markað varð flestum ljóst að öflug vopn voru nú tiltæk í baráttu við hjarta- og æðasjúkdóma. En fjölmargar spurningar vöknudu. Hvernig verudu þessi lyf á æðakölkunina sjálfa og hversu örugg voru þau við langtímanotkun? Ég fékk þá hugmynd mitt í miklu annríki við kransæðapræðingar að einmitt vegna þess hve við þræddum mikið á Landspítalanum væri upplagt að gera rannsókn á því hér á landi hvort kransæðasjúkdómur metinn með kransæðamyndatöku breyttist við gjöf státna. Ég skrifaði því rannsóknaráætlun sem ég sendi lyfjafyrirtækinu Merck Sharp and Dohme og bað um þeirra atbeina til að gera slíka rannsókn. Skömmu síðar höfðu fulltrúar fyrirtækisins samband og höfnudu tilboðinu en buðu mér í staðinn þátttöku í samnorðinni rannsókn sem væri miklu stærri og spyrði mikilvægustu spurningarinnar, þ.e. hvaða áhrif gjöf státna hefðu á lífshorfu kransæðasjúklinga. Ég fékk þannig tækifæri til að vera með frá byrjun í að skipuleggja 4S rannsóknina sem varð fyrsta rannsóknin sem óyggjandi sýndi gagnsemi státn meðferðar við kransæðasjúkdómi. Til að gera langa sögu stutta var þátttökan í þeirri sögu ævintýri líkust og er ekki lokið því þótt lækkað LDL-kólesteról sé ugglaustr meginskýring á gagnsemi státnlyfjanna er verkunin miklu flóknari og felur einnig í sér bólguehmlun og hagstæð áhrif á æðapelið og á stofnfrumur æðapels.

Erfðafræðilegar rannsóknir á hjarta- og æðasjúkdómum.

Annað stórt ævintýri í íslenskrari vísindasögu hófst með stofnun Íslenskrar erfðagreiningar sem hefur náð sérstaklega góðum árangri í erfðafræðilegum rannsóknum á algengum sjúkdómum eins og hjarta- og æðasjúkdómum. Slíkir sjúkdómar eru frá erfðafræðilegu sjónarmiði mjög flóknir því við sögu koma mörg samverkandi gen og umhverfisþættir. Sjúkdómsframvindan spannar einnig áratugi og gengur fram í mörgum þrepum. Þótt ég eigi ekki stóran hlut í þessari sögu hef ég fengið tækifæri til að koma lítillaga að málum, hef hjálpað til við klíniska hlið nokkurra rannsókna, t.d. við að setja hinar erfðafræðilegu niðurstöður í líffræðilegt og meinafræðilegt samhengi og við lyfjaprófanir sem eru meðal fyrstu skrefa sem tekin hafa verið frá erfðafræðilegri uppgötvun yfir í lyfjapróun.

Lífisnautnin frjóa

Það er sagt að William Harvey sem uppgötvaði hringrás blóðsins á 17. öld hafi beðið í 12 ár með að birta uppgötvun sína því hann óttaðist að verða að athlægi og jafnvel ofsóknum fyrir sínar nýju róttæku hugmyndir. Mikið vatn er síðan til sjávar runnið. Nýjar hugmyndir þurfa að vísu alltaf að berjast fyrir lífi sínu en þekkingarleitun, rannsóknarstarfsemin sjálf, nýtur mikillar virðingar og í reynd viðtæks stuðnings. Hitt er þó ekki síður mikilvægt hvað þekkingarleitun gefur mikla líffyllingu. "Why are we here?" spurði þekktur bandarískur fyrirlesari í upphafi hvers fyrirlesturs og eina svarið sem hann tók gilt var "to have fun". Rannsóknir eru nánast aldrei einstaklingsþrótt og skemmtilegustu stundirnar í rannsóknum tengjast samstarfinu við aðra; þessi augnablik þegar hugmyndir kvikna í loftinu milli samstarfsaðila og ómögulegt er að segja hver átti hverja hugmynd, einmitt vegna þess að þær kvikna í andrúmsloftinu á milli þeirra. Samstarf við samverkamenn og konur í rannsóknum er ómetanlegt, gefur starfinu dýpt og lífinu lit – það er "lífisnautnin frjóa".

Akademískar nafnbætur 2007

Háskóli Íslands veitti 15 starfsmönnum Landspítala og tveimur starfsmönnum frá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins og Krabbameinsfélagi Íslands akademíska nafnbót við athöfn í hátíðarsal Háskólans þriðjudaginn 20. nóvember 2007. Það var Kristín Ingólfsdóttir rektor sem afhenti skírteini sem staðfesta nafnbótina og voru 14 útgefinna skírteina frá læknadeild, 2 frá hjúkrunarfræðideild og 1 frá lyfjafræðideild. Af þeim 17 sem fengu akademíska nafnbót að þessu sinni fengu 7 lektorsnafnbót, 6 dósentsnafnbót og 4 prófessorsnafnbót.

Samkvæmt samningi Landspítala og Háskóla Íslands geta starfsmenn spítalans sótt um akademíska nafnbót frá háskólanum þótt þeir séu ekki með ráðningarsamning við skólann, ef þeir standast kröfur um hæfi sem gerðar eru til kennara við Háskóla Íslands.

Starfsmaður Landspítala sem sækir um hæfismat og sem dómnefnd telur uppfylla lágmarksskilyrði fær nafnbótina klínískur lektor og sá sem uppfyllir frekari skilyrði á kost á nafnbótinni klínískur dósent. Sá sem hins vegar stenst ýrustu kröfur og uppfyllir aukin menntunarskilyrði á möguleika á nafnbótinni klínískur prófessor.

Þeir sem öðlast akademíska nafnbót geta sótt um rannsóknarstyrki úr sjóðum sem eru í vörslu viðkomandi deildar Háskóla Íslands samkvæmt reglum sem um þá sjóði gilda. Viðkomandi skuldbindur sig til að nota nafnbótina á viðeigandi hátt og að hlíta siðareglum Háskóla Íslands og öðrum reglum settum af deildinni um meðferð rannsóknarviðfangsefna og um ráðvendni í rannsóknum. Þá ber þeim sem þiggja akademíska nafnbót að geta hennar ef hann birtir greinar í innlendum eða erlendum fræðitímaritum og deildin sem veitti nafnbótina getur leitað til viðkomandi um að taka að sér kennslu á hennar vegum samkvæmt nánara samkomulagi.

Akademískar nafnbætur voru fyrst veittar samkvæmt samningi Háskóla Íslands og Landspítala í október 2004 og hefur nú 61 starfsmaður Landspítala fengið slíka nafnbót. Að þessu sinni voru akademískar nafnbætur í fyrsta skipti veittar öðrum en þeim sem starfa hjá spítalanum og er það gert samkvæmt samningi sem viðkomandi stofnanir hafa gert við Háskóla Íslands.

Þeir sem fengu akademískar nafnbætur að þessu sinni voru:

Klínískur prófessor

Ástráður B. Hreiðarsson, Kristján Sigurðsson, Margrét Árnadóttir, Tómas Guðbjartsson.

Klínískur dósent

Aðalsteinn Guðmundsson, Arnar Hauksson, Gylfi Óskarsson, Ína Þórunn Marteinsdóttir, Leifur Franzson, Leifur Þorsteinsson.

Klínískur lektor

Eygló Ingadóttir, Hlíf Guðmundsdóttir, Ólafur Ó. Guðmundsson, Ólöf Sigurðardóttir, Ragnheiður I. Bjarnadóttir, Sólveig Jónsdóttir, P. Herbert Eiríksson.



Veggspjöld á Vísindum á vordögum 2007

Algengi og orsakir sjónskerðingar og blindu Íslendinga 50 ára og eldri – Augnrannsókn Reykjavíkur

Elín Gunnlaugsdóttir^{1,2}, Ársæll Arnarsson², Friðbert Jónsson^{1,2}

¹Læknadeild Háskóla Íslands, ²Augndeild Landspítala Háskólasjúkrahúss

Heilsutengd lífsgæði hjá sjúklingum eftir brottmál á auga

Guðleif Helgadóttir MS hjúkrunarfræðingur¹, Heiða Dóra Jónsdóttir BA sálfræði¹, Þór Eysteinnsson PhD lífeðlisfræðingur¹, Haraldur Sigurðsson MD augnlæknir¹, Augndeild Landspítala Háskólasjúkrahúss¹

Gegnstreymi súrefnis frá slagæðlingum til bláæðlinga í sjónhimnu manna

Róbert Arnar Karlsson¹, Sveinn Hákon Harðarson², Einar Stefánsson², Gísli Hreinn Halldórsson¹, Samy Basit², Þór Eysteinnsson¹, Jón Atli Benediktsson¹, James M. Beach¹, ¹Verkfræðideild HÍ, ²Augndeild LSH

Súrefnismettun í slag- og bláæðlingum sjónhimnu er minni í ljósi en í myrki

Samy Basit¹, Sveinn Hákon Harðarson¹, Gísli Hreinn Halldórsson², Róbert Arnar Karlsson², James M. Beach², Þór Eysteinnsson¹, Jón Atli Benediktsson², Einar Stefánsson¹, ¹Augndeild LSH, ²Verkfræðideild HÍ.

Flaði í aughólfi er skylt seigjustigi efnisins samkvæmt formúlu Stokes-Einstein

Svanborg Gísladóttir¹, Þorsteinn Loftsson², Einar Stefánsson^{1,3}.

Læknadeild Háskóla Íslands¹, Lyfjafraeðideild Háskóla Íslands², Augnrannsóknarstofa LSH³

Súrefnismettun vex eftir leysimeðferð við bláæðastíflu í sjónhimnu

Sveinn Hákon Harðarson¹, Róbert Arnar Karlsson², Gísli Hreinn Halldórsson², Samy Basit¹, Þór Eysteinnsson¹, Jón Atli Benediktsson², James M. Beach², Einar Stefánsson¹, ¹Augndeild LSH, ²Verkfræðideild HÍ.

Skammtímaárangur í meðferð of feitra barna

Þrúður Gunnarsdóttir¹, Z. Gabriela Sigurðardóttir¹, Ární V. Þórisson^{1,2}, Kolbeinn Guðmundsson⁴, Ragnar Bjarnason^{2,3}, ¹Háskóli Íslands, ²Barnaspítali Hringins, LSH, ³GP-GRC, Dep of Pediatrics, Sahlgrenska Academy at Göteborg University, Göteborg, Sweden, ⁴Íslensk erðagreining

Faraldsfræði gauklásjúkdóma á Íslandi 1983-2002

Konstantín Shcherbak¹, Ólafur Skúli Indriðason^{1,2}, Viðar Eðvarðsson³, Jóhannes Björnsson^{4,5}, Runólfur Pálsson^{1,2,5}, ¹Lyflækningsvið I og ²nýrnalæknings, ³Barnaspítali Hringins, og ⁴Rannsóknarstofa í meinafræði, Landspítala – háskólasjúkrahúsi; ⁵Læknadeild Háskóla Íslands.

Efnaskiptaáættubættir fyrir myndun nýrnasteina meðal sjúklinga í nýrnasteinagöngudeild LSH

Ólafur Skúli Indriðason¹, Viðar Eðvarðsson², Guðjón Haraldsson³, Eiríkur Jónsson³ og Runólfur Pálsson^{1,4}.

¹Nýrnalæknings, lyflækningsvið I, ²Barnaspítali Hringins og ³þvagræskurðlæknings, Skurðlækningsvið, Landspítala – háskólasjúkrahúsi; ⁴Læknadeild Háskóla Íslands.

Tengsl mataræðis og svefnvenja skólubarna í 9. og 10. bekk grunnskóla

Dóra Björk Sigurðardóttir¹ og Guðrún Kristjánsdóttir^{1,2}, ¹Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, ²Landspítali – Háskólasjúkrahúsi

Félags- og lýðfræðilegir þættir tengdir foreldraálagi á Íslandi

Guðrún Kristjánsdóttir^{1,2} og Rúnar Vilhjálmsson¹, ¹Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, ²Landspítali – Háskólasjúkrahúsi

Þættir tengdir þátttöku verðandi foreldra á Íslandi í foreldrafræðslu

Guðrún Kristjánsdóttir^{1,2}, Margrét Eypórsdóttir², og Helga Gottfreðsdóttir¹, ¹Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, ²Landspítali – Háskólasjúkrahúsi

Sársaukaupplifun 0-2 ára barna við stungu: Forprófun á Modified Behavioral Pain Scale (MBPS) í íslenski þýðingu

Guðrún Kristjánsdóttir^{1,2}, Rakel B. Jónsdóttir^{1,2}, Elísabet Harles¹, og Kolbrún Hrönn Harðardóttir¹, ¹Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, ²Landspítali – Háskólasjúkrahúsi

Matarvenjur skólubarna á unglingsaldri: Niðurstöður heimildarannsóknar og vettvangsathugunar með rýnihópur

Guðrún Margrét Gunnsteinsdóttir^{1,2} og Guðrún Kristjánsdóttir^{1,2}, ¹Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, ²Landspítali – Háskólasjúkrahúsi

Fæðingarmáti kvenna sem eignast barn eftir fyrri fæðingu með keisaraskurði

Brynhildur Tinna Birgisdóttir, læknanemi, Hildur Harðardóttir, yfirlæknir, Kvinnasvið LSH, Ragnheiður I. Bjarnadóttir, fæðingarlæknir, Kvinnasvið LSH

Inngróin fylgja hjá 17 ára frumbyrju

Hildur Harðardóttir, yfirlæknir,¹ Berglind Þóra Árnadóttir, deildarlæknir,¹ Sigrún Arnardóttir, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir,¹ Anna Þórhildur Salvardsdóttir, fæðinga- og kvensjúkdómalæknir,¹ Bergný Marvinsdóttir, röntgenlæknir², ¹Kvinnasvið LSH, ²Myndgreiningarsvið LSH

Ílla skilgreindar sjúkdómsgreiningar við útskrift af bráðamóttöku og sjálfsmorðshætta

Oddný S Gunnarsdóttir skrifstofa kennslu, vísinda og þróunar LSH, Vilhjálmur Rafnsson Rannsóknarstofa í heilbrigðisfræði Læknadeild, Háskóla Íslands

Miðlægt andkólnirkt heilkenni í kjölfar eins meðferðarskammts af prometazíni

Elísabet Benedíktz¹, Guðborg A Guðjónsdóttir¹, Leifur Franzon¹, Jakob Kristinsson^{1,2}, ¹Eitrunarmiðstöðin, Sýsa- og bráðasviði, Landspítala-háskólasjúkrahúsi, ²Rannsóknarstofa í lyfja- og eiturefnifræði, Háskóla Íslands

Úthlutun verkefna meðal hjúkrunarfræðinga á bráðadeildum

Bylgja Kærnsted, hjúkrunarfræðingur MS, Lyflækningsviði I, Helga Bragadóttir, hjúkrunarfræðingur, PhD, lektor, hjúkrunarfræðideild HÍ

Vitræn starfsemi í geðklofa og áhrif Neuregulin 1

Brynja B. Magnúsdóttir^{1,2}, H.M. Haraldsson¹, R. Morris², R. Murray², E. Sigurdsson¹, Hannes Pétursson¹ og Þórunn Sigmondsson¹, ¹Geðdeild, Landspítali-Háskólasjúkrahúsi, ²Institute of Psychiatry, London

Forvarnir þunglyndis með margmiðlun

Eiríkur Örn Arnarson¹, Sjöfn Ágústsdóttir² og W. Ed Craighead³, ¹Sálfræðipjónusta LSH, Læknadeild HÍ, ²Félagsvísindadeild HÍ, ³Emory University, Georgia, U.S.A

Áreiðanleiki árangursmælitækisins Clinical Outcomes for Routine Evaluation – Outcome Measure (CORE – OM)

Eva Dögg Gylfadóttir, cand. psych, Hafrún Kristjánsdóttir, sálfræðingur á geðsviði, Daniel Ólason, lektor við sálfræðideild Háskóla Íslands, Jón Friðrik Sigurðsson, dósent við læknadeild Háskóla Íslands og forstöðusálfræðingur á geðsviði

Gildi afbrigðilegra aughreyfinga sem innri svipgerðar í rannsóknum á arferð geðklofa á Íslandi

H. Magnús Haraldsson¹, Ulrich Ettinger², Brynja B Magnúsdóttir^{1,2}, Þórunn Sigmondsson¹, Engilbert Sigurðsson¹, Hannes Pétursson¹

¹Landspítali-háskólasjúkrahúsi, ²Institute of Psychiatry, King's College, London, UK

Fyrsta og annars stigs innsæisleysi (anosognosia) í Alzheimerssjúkdómi – kynning á vitrænu módeli

Kristín Hannesdóttir¹, & Morris², R. G.

¹Geðsvið, Landspítali Háskólasjúkrahúsi, Hringbraut 101 Reykjavík, ²Institute of Psychiatry, King's College, University of London.

Taugasálfræðileg og segulömunarrannsókn á vitrænni skerðingu í háþrýstingi og samband hennar við hvítavefsbreytingar í heilanum

Kristín Hannesdóttir^{1,2}, Nitkunan², A., Charlton², R. A., Barrick², T. R., MacGregor², G. A., & Markus², H. S.

¹Geðsvið, Landspítali Háskólasjúkrahúsi, Hringbraut 101 Reykjavík, ²Clinical Neuroscience, Blood Pressure Unit, St Georges University of London.

Íslenskir unglingar sem misnota aðra kynferðislega. Hvaða bakgrunnspættir greina þá frá öðrum unglingum?

Jón Friðrik Sigurðsson, Háskóla Íslands og geðsviði LSH, Gísli H. Guðjónsson, Institute of Psychiatry, King's College, University of London, Bryndis Björk Ásgeirsdóttir og Inga Dóra Sigfúsdóttir, Háskólanum í Reykjavík

Sjálfsvígstíllraunir meðhöndlaðar á gjörgæsludeild LSH í Fossvogi 2000-2004

Kristinn Örn Sverrisson¹, Sigurður Páll Pálsson², Kristinn Sigvaldason¹, Sigurbergur Kárason¹

¹svæfinga- og gjörgæsludeild, ²geðdeild Landspítala – háskólasjúkrahúss

Aðgreiningarhæfni þunglyndis- og felmturskvarða PHQ skimunartækisins

Valdís E Pálsdóttir, félagsvísindadeild HÍ, Hafrún Kristjánsdóttir, geðsviði LSH og Guðmundur B Arnkelsson, félagsvísindadeild HÍ

Mynstur öndunarhreyfinga hjá sjúklingum með nýgreint slag

Guðbjörg Þóra Andrésdóttir¹ og María Ragnarsdóttir³ sjúkrapjálfarar, Haukur Hjaltason² og Elías Ólafsson^{2,4} sérfræðingar í taugasjúkdómum

¹LSH sjúkrapjálfun B1, ²taugalækningsdeild LSH; ³sjúkrapjálfun 14D Hringbraut, ⁴læknadeild Háskóla Íslands

Íslensk viðmið fyrir orðaflæðisþróf

María K. Jónsdóttir^{1,2} og Anton Örn Karlsson², ¹Landspítali Háskólasjúkrahúsi, ²Háskóli Íslands

Víðhorf skjólstæðinga til þjónustu iðjubjálfa

Sigrún Garðarsdóttir^{1,2}, Helga Kristín Gestsdóttir²; Jóhanna Hreinsdóttir², Sigrún Lindal Prastardóttir²

¹Iðjubjálfun Landspítala-háskólasjúkrahúss Grensá; ²Háskólinn á Akureyri: Iðjubjálfunarbrátt

Áhrif skynbjálfunar á jafnvægi hjá öldruðum

Bergþóra Baldursdóttir¹, Ella K. Kristinsdóttir^{1,2}

¹Sjúkrabjálfun LSH Landakoti, ²Læknadeild HÍ

Arfgerðin C4B*Q0 eykur hættu á kransæðastíflu og tengdum dauðsföllum meðal þeirra sem reykja

